

## Smásaga um Roosevelt.

Einu sinni, þegar Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, var á ferð í smáþorpi einu í Bandaríkjunum, varð honum reikað þangað, sem stór drengjahópur var að leikum. Hann sér það fljótt, að eitthvað óvanalegt er á seiði hjá drengjunum. Þeir eru þar allir í þéttum hóp utan um einn, og eru að reyra hann böndum, og eru búnir að hnýta stræng utan um háls honum. Dreng-hnokkinn hljóðar allt hvað aftekur og biður sér vægðar og kveður sig saklausan. Roosevelt spyr, hvað um sé að vera. Stærsti strákurinn, sem var fyrirliði flokksins, snýr sér að honum og segir, að þeir sé að leika negra-„lynch“ og ætli sér að hengja strák þenna, sem bundinn var, eins og fullorðna fólkið hengi negrana í Suðurríkjunum. Roosevelt gripur þá strákinn og gefur honum föðurlega hirtingu, og ávítar þá harðlega fyrir tiltækið, og sagði þeim, að hann skyldi sjá svo um, að forseti Bandaríkjanna refsí stranglega hverjum þeim, er gjöri tilraun til, að gjöra blökkumönnunum lægra undir höfði en hvítum. — Verkin sýna merkin, að Roosevelt hefir efnt heit sitt vel, síðan hann komst í forseta sætið.

## Miskunnsami Samverjinn.

Fyrir nokkrum dögum síðan var hrörlega klæddur maður á gangi hér á aðalstræti bæjarins í Winnipeg. Manninum varð snögglega illt, og féll hann í óvit niður á gangstéttina. Margt fólk var þar á ferð, en engum, sem framhjá gekk varð að vegi, að rétta vanmegna bróður hjálparhönd. Þrír prestar, er leið áttu um veginn, gjörðu nefsneiðingu á leið sína, til að saurga ekki klæði sín. Loks bar þar að bónda nokkurn, er nýlega var kominn utan úr sveit. Hann gekk að manningum, reisti hann við og lét flytja á sjúkrahúsið. Er ekki þetta líkt gömlu biblusöggunni? Því ver, er hún of oft endurtekin, og það jafnvel nú á dögum. Og vel hafa prestarnir varist áhrifum meistara síns.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Í útgáfunefnd eru þessir menn: E. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Útanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 663 Furby st., og eru allir útsölmenn og kaupendur ritsins beðnir að snúa sér til hans því viðvíkjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.